

Kálfá 1977.

I Flutningur.

Samtals voru fluttir í Kálfá sumarið 1977 82 laxar í 6 ferðum eða tæplega 14 laxar í ferð. Ármenn sáu að öllu leyti um þessa flutninga og verður að telja að þeir hafi tekist vel. Á hinn bóginn var árangur í veiði ekki eins góður og margir væntu og veiddust aðeins 21 lax eða 26% af því sem flutt var. Sumarið 1976 veiddust 69 laxar af 146 sem fluttir voru, sem er nálega 47%. Ekki er óeðlilegt að sveiflur séu í þessari prósentu frá ári til árs. Síðastliðið sumar var mjög þurrt og víða erfitt að fá lax til að taka agn. Ármenn hafa verulega takmörkun á veiðarfærum með því að veiða eingöngu á flugu og má telja víst að mun herra hlutfall hefði veiðst, ef annað agn hefði verið leyft. Ekki er úr vegi að líta á meðhöndlun laxana bæði árin og sjá hvort einhver munur er þar á. Eins og fram kemur í skýrslu frá 1976, þá veiddust 48% af þeim laxi sem fluttur var fyrri part sumars 1976, en aðeins 11% af þeim sem fluttir voru seinni part sumars. Þeir laxar, sem fluttir voru seinni hluta sumars fengu mun verri meðferð, m.a. geymslu fyrir flutning svo og útvortis merki. Sumir laxana sem fluttir voru sumarið 1977 voru geymdir fyrir flutning og sú spurning vaknar hvort þessi tvöfalda háfun á fiskunum hafi mikil áhrif á heilsufar og veiðanleika þeirra þegar í ána er komið. Undirritaður mundi mæla með því að eingöngu yrði tekinn lax beint úr kistu ef flutt yrði í framtíðinni og veiðitíminn aðlagður þannig að lax væri örugglega fyrir hendi í Laxeldisstöðinni. Á meðan aðrar upplýsingar eru ekki fyrir hendi er eðlilegt að taka meðaltal af þeim tölum, sem fengist hafa þessi tvö ár. Fluttir hafa verið 228 laxar, þar af veiddust 90 laxar eða um 40%. Miðað við verðlag síðastliðið sumar hafa Ármenn greitt tæp 700.000 fyrir lax. Hver veiddur lax kostar því 7.500 krónur. Miðað við það að hægt er að selja hvern veiddan lax á 3000 krónur í verzlun þá greiða Ármenn 4-4500 krónur fyrir ánægjuna af að draga hvern lax. Frá þessari upphæð mætti að sjálfsögðu draga verðmæti þeirra laxa, sem hrygna í ánni og viðhalda stofnunum, en ekki mun slíkt verða gert hér.

II Göngur í Kálfá.

Eins og oft áður voru Ármenn orðnir mjög langeygir eftir göngulaxi. Enginn göngulax veiddist í júlí og ekki varð vart slíkra fiska fyrr en 12. ágúst. Heildarveiði göngulaxa var 21 og þar af veiddust 12 eftir 1. sept. Það þótti nú einsýnt, að veruleg ganga hefði komið í ána í byrjun september. Þann 25. september fóru 3 sjálfboðaliðar ásamt undirrituðum til ádráttarveiði í Kálfá. Veitt var í 5 hyljum allt neðan frá Skógavaðshyl upp að Folaldagerði. Heildarveiði var 22 laxar, þar af 15 ómerktir. Niðurstöður eru sýndar í töflu 1. Aðaltilgangur veiðanna var að fá hugmynd um hlutfall merktra og ómerktra en út frá því má gera sér nokkra grein fyrir heildarmagni í ánni. Ef gert er ráð fyrir því að ca 50 fluttir laxar hafi verið í ánni eftir veiðitíma hefur heildarganga í ána á þessu tímabili verið 110-120 laxar. Hugsanlega hafa fleiri gengið í Kálfá í október eftir að dregið hafði verið á, enda eru slíkar hrygningagöngur vel þekktar í vissum bergvatnsám, sem falla í jökulvötn.

Þeir laxar sem gengu í Kálfá á síðastliðnu sumri eru fyrst og fremst árangur af sleppingum Ármana sumarið 1974, eins og fram kemur í töflu 2. Sumarið 1978 ætti að verða ca 50% aukning á smálaxagöngum að viðbættum stórum laxi sem verið hefur 2 ár í sjó og e.t.v. mætti búast við að gengi fyrr í ána.

Undirritaður álítur að fullnaðarniðurstöður úr ræktun Kálfár liggi ekki fyrir fyrr en eftir sumarið 1978, einkum þegar höfð er í huga sú breyting sem orðið hefur á meðalstærð netaveiddra laxa í Þjórsá og fram kemur í töflu 3. Í töflunni sést að meðalþyngd veiddra laxa í júlí 1977 er 2,6 kg sem er ca 1/2 kg lægri en lægsta þyngd á skrá áður. Meðalþyngd í ágúst er einnig mjög lág miðað við fyrri ár. Þessar upplýsingar ásamt þeirri staðreynd að veiði hefur aldrei verið betri í Þjórsá, benda til þess að verulegur árangur sé af þeirri ræktun sem framkvæmd hefur verið í efri hluta Þjórsár. Helztu ræktunarframkvæmdir sem undirritaður veit um eru sem hér segir:

- a) 120.000 sumarseiði sem Ármenn hafa sleppt í Kálfá frá 1973-75.
- b) 20.000 kviðpokaseiðum sem Landsvirkjun hefur sett í

Steinslæk og Fossá 1973-74.

c) 600.000 kviðpokaseiði sem Veiðimálastofnun setti í Fossá 1974.

d) Rúmlega 2000 gönguseiði frá Landsvirkjun 1973-75.

Rannsóknir Veiðimálastofnunar hafa sýnt að ekki er árangurs að vænta af Fossársleppingunni 1974, fyrr en árið 1978, sem einnig útilokar árangur á þessu ári af kviðpokaseiðasleppingum Landsvirkjunnar í Fossá. Sleppingar í Steinslæk eru það neðarlega að árangurs gætir sennilega lítið í aðalveiði Þjórsár. Landsvirkjun sleppti síðast 740 gönguseiðum árið 1975. Einhver árangur í þeirri sleppingu gæti hafa komið í sumar, en laxafjöldi væri aldrei mjög mikill.

Með útilokunaraðferð má því leiða líkur að því, að þó nokkuð magn af þeim smálaxi, sem veiðst hefur í Þjórsá í sumar, sé árangur af ræktun Kálfár. Hversu marga laxa er um að ræða er erfitt að fullyrða, en undirritaður álítur að 150-200 laxar væri algjört lágmark, miðað við það, sem gekk í Kálfá. Sumarið 1978 mun væntanlega staðfesta þessa þróun, enda er þá von á árangri af sleppingum í Fossá sem skila væntanlega verulegum smálaxi.

Undirritaður fékk 20 hreistur af löxum veiddum í Þjórsá síðarsliðið sumar. Tveir sérfræðingar skoðuðu þessi hreistur hvor í sínu lagi og komust að þeirri niðurstöðu, að 4 laxana hefðu verið 2 vetur í ferskvatni og vaxið óeðlilega vel fyrsta sumarið miðað við náttúrulega framleiddan lax. Vitað er að seiðin, sem sett voru í Kálfá, fengu mikið forskot og voru orðin 6-7 cm í lok fyrsta sumars, miðað við 3,5-4 cm í flestum laxveiðiám. Það má því með nokkru öryggi þekkja Kálfárlax úr sleppingum frá Þjórsárlaxi og væri æskilegt að fá mikið magn hreisturs á næsta ári. Vaxtarhraði í Fossá, á hinn bóginn, er mjög hægur og erfitt verður að þekkja þann fisk úr. Samkvæmt þessu litla hreistursýni hafa 20% laxanna, sem veiddust í Þjórsá, verið úr Kálfársleppingum. Sýnið getur því miður ekki talist marktækt fyrir alla gönguna, en telja má líklegt, að prósentan sé á bilinu frá 10% til 20% af heildarveiði í Þjórsá, eða 200-400 laxar.

Síðastliðið sumar bárust 13 hreistur úr Kálfá. Þar af voru 7 laxar greinilega úr sleppingum, en 6 laxar virtust vera náttúrulegt klak úr ánni. Líklegt er að einhverjir af þessum 6 hafi verið mjög

hægvaxta sleppiseiði, sem sýnir það, að einhver hluti þessara laxa mun ávallt vera óþekkjanlegur frá öðrum löxum í Þjórsá. Þar af leiðandi hljóta allar tölur um Kálfárlax í Þjórsá að vera lágmarks-tölur.

Það er gleðiefni fyrir Veiðifélag Þjórsár að ræktun á vatna-svæðinu skuli skila þetta góðum árangri og það ætti að virka sem hvati í þá átt, að bændur taki saman höndum um áframhaldandi ræktun á bergvatnsánum. Nýjustu rannsóknir hafa leitt í ljós, að endurheimta náttúrulega framleiddra gönguseiða úr sjó, getur verið 25%. Miðað við það, standa aðeins 4 gönguseiði bak við hvern lax, sem eykur til muna framleiðslumöguleika lítilla bergvatnsáa. Þjórsá hefur sjálf staðið undir 1000-1500 laxa veiði, en sveiflur í laxa-framleiðslu hafa verið miklar, sem e.t.v. væri hægt að jafna með stöðugri ræktun.

Reykjavík 20. nóvember 1977,



Árni Ísaksson.

Tafla 1. Ádráttur í Kálfá 25/9 1977.

Veiðistaður	Fjöldi merktra	Fjöldi ómerktra	Heildarfjöldi
Fyrir neðan Dýjahraun	1	4	5
Hornhylur	1	2	3
Bolhólshylur	4	6	10
Brúarhylur	1	1	2
Skógarvaðshylur	0	2	2
Heildarfjöldi	7	15	22

Tafla 2. Sleppingar í Kálfá og tímasettur árangur.

Sleppingar- ár	Sjógöngu- ár	Endurheimtu- ár	Magn sleppt
1973	1975+76	1976+77	20.000
1974	1976+77	1977+78	40.000
1975	1977+78	1978+79	60.000

Tafla 3. Meðalþyngd laxa í hluta Þjórsár.

Ár	Júní		Júlí		Ágúst		jún.-júl.-ág.-sept.	
	fjöldi	meðalþ.	fjöldi	meðalþ.	fjöldi	meðalþ.	fjöldi	meðalþ.
1961	176	4,7	274	3,2	102	3,0	417	3,1
1962	103	4,5	382	3,0	130	2,1	625	3,1
1963	181	4,8	445	3,5	92	3,0	722	3,8
1964	30	4,2	240	3,3	135	3,0	405	3,3
1965	51	4,0	303	3,1	180	2,9	544	3,1
1966	70	4,5	502	3,0	225	2,6	820	3,0
1967	101	4,9	703	3,0	80	3,0	894	3,2
1968	86	5,0	420	3,5	60	3,0	566	3,7
1969	184	4,9	331	3,2	10	2,8	537	3,8
1970	71	4,5	150	3,3	52	2,7	273	3,5
1971	78	3,6	105	3,2	13	2,6	196	3,3
1972	159	3,6	380	3,1	73	2,8	612	3,2
1973	-	-	-	-	-	-		
1974	245	4,6	310	3,9	82	2,8	637	4,0
1975	282	4,9	91	4,0	81	2,9	454	4,0
1976	42	4,8	219	3,5	70	2,6	331	3,5
1977	210	4,5	472	2,6	315	2,5	997	2,9